

4. Eftir atvikum skilyrði þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins. Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

4. gr.

Afmarkaðar breytingar á ráðningarkjörum.

Verði breytingar á ráðningarkjörum, skv. 2. og 3. gr., umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal stofnun staðfesta breytingarnar með skriflegum hætti.

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri ráðningar.

Óski starfsmaður, sem ekki hefur ráðningarsamning sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og ráðinn var fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar ráðningar í samræmi við reglur þessar, skal stofnun láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. og 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 25. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 67, 18. febrúar 1993,
um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.**

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðist svo: Fótrepisvarpa sbr. 2. mgr. 3. gr. er varpa sem búin er fótrepri gerðu úr vír eða keðju sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. júlí og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Endurprentað blað.